

Alþingi
Velferðarnefnd

Reykjavík, 22. mars 2021
Tilvísun: 2021020501/GIÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta í tilefni af beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 24. febrúar 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012 (þskj. 771, 452. mál á 151. löggjafarþingi).

Á fundi Persónuverndar með velferðarnefnd þann 22. mars 2021 óskaði nefndin eftir upplýsingum hvort þær breytingar sem lagðar voru til í álit meirihluta nefndarinnar við frumvarpið á 150. löggjafarþingi (þingskjal 1684 við 457. mál) væru fullnægjandi til að verða við athugasemdum Persónuverndar sem sendar voru nefndinni með bréfi, dags. 3. mars 2021, á 151. löggjafarþingi, og bréfi, dags. 18. febrúar 2020, á 150. löggjafarþingi.

1.

Í fyrrnefndu álit meirihluta velferðarnefndar er að finna umfjöllun um hlutverk Fjölmenningsseturs auk þess sem lagðar eru til breytingar á frumvarpinu þar sem heimildir Fjölmenningsseturs til vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. viðkvæmra persónuupplýsinga, eru afmarkaðar nánar. Þá er í álitinu nú skýrt að Fjölmenningssetri beri skylda til að fræða einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar er í nefndarálitinu ekki vikið frekar að mati á áhrifum á persónuvernd, sbr. 4. tölulið athugasemda í bréfum Persónuverndar, dags. 3. mars 2021 og 18. febrúar 2020.

Að því gefnu að fyrrnefnt álit meirihluta velferðarnefndar verði tekið upp í óbreyttri mynd telur Persónuvernd ekki tilefni til frekari athugasemda. Athygli er þó vakin á því að ef mat á áhrifum er ekki framkvæmt við undirbúning löggjafar þá ber Fjölmenningssetri að framkvæma slíkt mat áður en vinnsla persónuupplýsinga hefst.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Gunnar Ingi Ágústsson